

**NASDAQ OMX**<sup>SM</sup>

Alþingi

Erindi nr. P 139/1392

komudagur 18. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. febrúar 2011  
Tilvísun 111  
MKÁ

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 106. mál**

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 31. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um tillögu til þingsályktunar um óháðan og gagnsæjan uppboðsmarkað fyrir eignir banka og fjármálastofnana sem hafa verið yfirteknar.

Kauphöllin telur markmið tillögunar mikilsvert og tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika íslensks fjármálakerfis, efla traust almennings og stuðla að gagnsærra samfélagi. Í því sambandi er nauðsynlegt að tryggja að sala á eignum banka og fjármálastofnana fari fram með upplýstum hætti og jafnræði aðila sé tryggt hvað varðar þátttöku í því ferli. Hvað þetta varðar vill Kauphöllin vekja athygli á því að nú þegar er til staðar vettvangur sem tryggir gagnsæi og jafnræði þátttakenda að því er varðar viðskipti með hlutabréf útgefin af félögum.

Kauphöllin telur að með töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sé lýðræðislegt og gagnsætt söluferli tryggt. Ljóst er að öflugt regluverk, sem þegar er til staðar, er til þess fallið að tryggja gagnsætt útboðsferli, aukna fjárfestavernd og jafnan möguleika almennings til þátttöku í viðskiptum. Telur Kauphöllin því ástæðu til að yfirvöld og fjármálafyrirtæki hugi að því að nýta þá þekkingu og það skipulag sem þegar er til staðar að því er varðar töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.  
Magnús Kristinn Ásgeirsson,  
lögfræðingur